

Annar fundur foreldrafélagsins Vinarótar, 23. febrúar 2021.

Allir mættu til fundar á Teams, kl. 20.30:  
Fríða, Dagný, Ottó, Eydís og Ásta.

Við ræddum möguleikann á vorhátíð og íþróttadegi í ljósi rýmri sóttvarnareglna, en nú mega 50 manns koma saman. Áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar í þessum efnum, þurfum við að ræða við skólastjórnendur um það hvaða áhrif tilslakanir hafa á skólastarfið, og hvort viðburðir af þessu tagi gætu rúmast innan þeirra.

Vorhátíðin er skipulögð 1. júní. Ef af verður, væri t.d. hægt að tvískipta henni, rétt eins og gert hefur verið með íþróttadaginn. Þá yrðu Gleyim-mér-ei og Sóley saman, og svo Smári og Engjarós.

Ef ekkert yrði af íþróttadegi, ræddum við líka að græja jóga eða danskennara, sem gæti komið inn og brotið upp einhvern daginn með krökkunum. Það veltur samt líka á því hvernig sóttvarnarmálum verður háttað. Svo var líka rætt hvort Auðunn ljósmyndari gæti mögulega komið og tekið myndir, en það veltur líka á því sama.

Þá ræddum við líka að halda foreldrafræðslu, kannski tvisvar á skólaári. Í öllu falli stefnum við á að gera það í samhengi við aðalfundinn í haust, en ætlum líka að skoða möguleikann á að halda námskeið á Teams eða Zoom, enda er það orðið frekar einfalt í þessu Covid ástandi. NAFn Laufeyjar Hrólfsdóttur kom upp, um næringu barna.

Dagný tók það að sér að ræða við Indu um möguleikann á hátíðum og við ætlum svo að hittast bráðlega aftur, á fimmtudaginn í næstu viku, 4. mars.

Fundi slitið rétt fyrir kl. 21.